

Fréttabréf um skattamál
Skatta- og lögfræðisvið

Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
Vala.valtysdottir
@deloitte.is

 Skattaávilnun
vegna
fjárfestingar í
nýsköpunar-
fyrirtækjum

Punkturinn

1. tbl., mars 2010

Nýsköpunarfyrirtæki

Í lok síðasta árs voru sett ný lög sem miða að því að styðja við nýsköpun með skattaávilnunum. Lögin taka mið af sambærilegum lögum í Noregi.

Nýsköpunarfyrirtæki á rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 15% af útlögðum kostnaði rannsóknar- og þróunarverkefna sinna. Hámark frádráttar er kr. 50.000.000.- á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá öðrum viðurkenndum fyrirtækjum skal hámarkið vera kr. 75.000.000.-. Skattaðili sem kaupir hlutabréf í nýsköpunarfyrirtæki getur dregið kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum. Þetta á aðeins við um hlutafjárukningu en tekur ekki til almennrar sölu hlutabréfa. Frádrátturinn gildir einnig um nýsköpunarfyrirtæki, innan EES eða aðildarríkja fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Hámark frádráttar hjá einstaklingi er kr. 300.000.- og kr. 600.000 hjá hjónum. Hámark frádráttar lögaðila er kr. 15.000.000.-.

Til þess að lögaðili getist talist nýsköpunarfyrirtæki í skilningi laganna, þarf staðfestingu Rannis eða sambærilegri stofnun erlendis.

Nýjar reglur um skattlagningu arðs

Nýtt ákvæði um úthlutun arðs tók gildi um áramótin en þar segir „*hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7 gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs*“. Í raun þýðir þetta að hluti arðs verður skattlagður sem tekjur hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald. Réttilega reiknað endurgjald skiptir ekki máli og eru þetta að vissu leyti afturvirkir ákvæði þar sem að miðað er við hagnað fyrra árs.

Frádráttarbærni

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1/2010 um túlkun á 3. gr. laga nr. 128/2009 kemur fram að þann hluta heimilaðs úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. gr. laga nr. 128/20089 skal fara með á sama hátt og önnur laun sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 með því sem því fylgir.

Helstu breytingar á skattalögum á árinu 2009

Endurgreiðsla til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hækkar úr 60% í 100% af vsk. sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Gildir einnig um endurbætur og viðhald og af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila. Gildistími breytinganna er frá 1. mars 2009 til 1. janúar 2011.

Lögfest heimild til bráðabirgða að færa 6% frádrátt af iðgjaldsstofni vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrissréttinda í stað 4% áður. Gildir tímabilið 1. mars 2009 til 1. október 2010. Með sömu lögum var gerð breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda þar sem veitt var heimild til að greiða út innistæðu séreignarsparnaðar.

CFC – 57. gr.a laga nr. 90/2003. “skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum”. Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.

Vaxtatekjur sem erlendir aðilar höfðu á Íslandi voru ekki skattskyldar hér á landi samkvæmt íslenskum skattalögum. Þessu var breytt með lögnum og frá 1.september 2009 voru vaxtatekjur erlendra aðila skattskyldar og greiddast í staðgreiðslu. Ákvæðið á við um þá vexti sem íslenskir skattaðilar greiða erlendum aðilum. Þetta þýðir í raun að skattleggja skal allar vaxtatekjur og hagnað vegna sölu á öllum fjármálagerningum nema vegna hlutabréfa. Skattprósentan á vexti til erlendra aðila er eftirfarandi (brúttó skattlagning):

- 18% á einstaklinga
- 15% á hlutafélög/einkahlutafélög
- 32,7% fyrir sameignafélög, samlagsfélög og önnur félög með ótakmarkaða ábyrgð (sjóðir, þrotabú o.s.frv.)

Breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt

CFC reglur

Vaxtatekjur erlendra aðila á Íslandi

Dómur Hæstaréttar 14. janúar 2010 í máli nr. 166/2009

S setti upp loftræsikerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu 2000. Gerði félagið samning við portúgalska fyrirtækið M um að það tæki að sér sem undirverktaki framkvæmd á hluta verksins gegn tilgreindu endurgjaldi.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi kvað upp úrskurð 13. desember 2005, þar sem hann taldi að heilstætt mat á öllu, sem fyrir lægi, hefði leitt í ljós að M útvegaði S starfmenn.

Þeir hefðu sinnt verkefnum sem S hefði tekið að sér að vinna fyrir aðra samkvæmt ítarlegum verksamningum.

Þar sem S teldist launagreiðandi þeirra í merkingu laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda hefði honum borið að halda eftir staðgreiðslu af launum þeirra. Þá hefði honum borið að standa straum af tryggingagjaldi og einnig bæri að skattleggja þóknun hans til M.

Hæstiréttur taldi ljóst að kjör portúgölsku starfsmannanna hefðu ráðist af samningum sem M hefði gert við þá og S ekki komið þar að. S hefði látið M í té upplýsingar um vinnustundir, en það síðan reiknað laun og annast greiðslu þeirra til portúgölsku starfsmannanna. Samkvæmt þessu varð að telja M hafa verið launagreiðanda þessara starfsmanna. Þá var talið að líta yrði svo á að takmörkuð skattskylda M hér á landi hefði fallið niður frá ársbyrjun 2003 vegna ákvæða í tvísköttunarsamningi milli Íslands og Portúgal. Því hefði S ekki borið að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af þeim hluta greiðslna til M, sem telja mætti þóknun til þess fyrir veitta þjónustu.

Loks var talið að skattstjóra hefði borið að áætla kostnað M af þjónustu þess við S og taka tillit til þess kostnaðar við ákvörðun staðgreiðsluskyldu S. Þessa hafði skattstjóri ekki gætt. Var því úrskurður skattstjóra frá 13. desember 2005 ógiltur.

Íslenska ríkið
(Óskar
Thorarensen hrl.)
gegn
Stjórnubliki ehf.
(Garðar
Valdimarsson
hrl.)

Vegna
greiðsluskyldu
opinberra gjalda

[Home](#) | [Security](#) | [Legal](#) | [Privacy](#)

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Iceland

© 2010 Deloitte Touche Tohmatsu.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.